

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 173/2004

frá 3. desember 2004

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2004 frá 24. september 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/461/EB frá 29. apríl 2004 um spurningalista sem nota skal í tengslum við árlega skýrslugjöf um mat á gæðum andrúmslofts samkvæmt tilskipunum ráðsins 96/62/EB og 1999/30/EB og samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB og 2002/3/EB ⁽²⁾, með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 63, skal felld inn í samninginn.
- 3) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/461/EB er felld úr gildi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/839/EB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana brott.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21a (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/224/EB):

„21a. **32004 D 0461**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/461/EB frá 29. apríl 2004 um spurningalista sem nota skal í tengslum við árlega skýrslugjöf um mat á gæðum andrúmslofts samkvæmt tilskipunum ráðsins 96/62/EB og 1999/30/EB og samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2000/69/EB og 2002/3/EB (Stjtið. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 84), með leiðréttingum sem birtust í Stjtið. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 63.

Ákvæði ákvörðunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Eftirfarandi bætist við í lok eyðublaðs 25b í viðauka við ákvörðunina:

”

IC	LI	NO
----	----	----

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 64, 10.3.2005, bls. 76 og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 12, 10.3.2005, bls. 54.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 156, 30.4.2004, bls. 84.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 319, 4.12.2001, bls. 45.

“

2. Texti liðar 21af (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2001/839/EB) falli brott.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2004/461/EB, með leiðréttingum sem birtust í Stjtíð. ESB L 202, 7.6.2004, bls. 63, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 4. desember 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 3. desember 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn *M. Brinkmann*

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.